

## *Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum*

**Skólanefnd Framhaldsskóla – 135. fundur 17. apríl 2013, kl 17:00.**

Mætt: Jórunn Einarsdóttir, Kári Bjarnason, Margrét Lilja Magnúsdóttir, Trausti Hjaltason, Sigurlaug Björk Böðvarsdóttir, Gunnar Friðfinnsson, Fjóra B. Jónsdóttir og Ólafur H. Sigurjónsson.

**Skólameistari setti fyrsta fund í nýrri skólanefnd. Fundargerð síðasta fundar var kynnt og samþykkt, með fyrirvara um að ekki kæmu athugasemdir frá fyrri skólanefnd.**

Dagskrá:

1. Hlutverk skólanefndar og kosning formanns skólanefndar.
2. Yfirlit um skólastarfið.
3. Hvað er framundan.
4. Önnur mál.

Í upphafi fundar bauð skólameistari nýja nefnd velkomna og óskaði eftir góðu samstarfi. Nefndin tók undir það. Farið var yfir 5. grein laga um framhaldsskóla, sem fjallar um hlutverk skólanefndar.

Þá var komið að því, að kjósa formann skólanefndar: Kári Bjarnason var einróma kosinn í embættið og stakk hann uppá því að nefndin kysi sér varaformann. Það var samþykkt og Jórunn Einarsdóttir var kosinn varaformaður einnig einróma. Í framhaldi þess þá var ákveðið að aðalmenn í skólanefndinni myndu boða varamann sinn ef þarf. Ef varamaður getur ekki mætt þá láta aðalmenn skólameistara vita og hann hefur samband við aðra varamenn.

Nýir nefndarmenn spurðu um ýmis mál sem tengd eru skólanum og síðan var farið yfir skólastarfið frá síðasta fundi fráfararandi skólanefndar, sem var 5. mars, þar var helst:

6. mars: Kennsla féll niður vegna veðurs.

13. mars: Tveir háskólanemar komu með kynningu á háskólanámi í tæknigreinum.

Sama dag kom Marita fræðslan með fyrirlestra um vímuvarnir fyrir alla nemendur.

18. mars: Skólameistari sótti fund samstafsnefndar framhaldsskólanna, haldinn í Reykjavík.

23. mars – 2. apríl var páskaleyfi.

Skólameistari fór að endingu yfir það helsta sem framundan var:

Dimmision útskriftarefna verður 19. apríl. Leikhúsferð starfsfólks verður 20. apríl,

þátttakendur eru 30. Skólasamningsfundur er áætlaður 26. apríl í menntamálaráðuneytinu.

Kennsla verður fyrir hádegi á sumardaginn fyrsta, með því eru starfsmenn og nemendur að

vinna af sér föstudaginn 26. apríl. Kennslu lýkur 30. apríl og próf taka við. Sjúkrapróf eru 15.

maí, prófsýning og einkunnaafhending verður föstudag 17. maí. Útskrift þeirra sem ljúka

námi og skólaslit verður laugardag 18. maí, kl 11.

Að endingu var ákveðið að boða alla aðalmenn og varamenn á næsta fund og kynna skólann og aðstöðu sem hann hefur.

Fleira var ekki gert.

Ólafur H. Sigurjónsson

Samþykkt 21.07.2013

Ólafur H. Sigurjónsson